

dómi 25 krónur, og lúkist upphæð þessi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. maí 1916.

Nr. 8/1916.

Eggert Claessen fyrir hönd
British North Western
Syndicate Ltd.
gegn
Birni Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Á erfingjaskiftum 14. ágúst 1904 eftir Benedikt Sveinsson sýslumann, var börnum hans, Einari Benediktssyni fyrverandi sýslumanni og Kristínu Benediktsdóttur úthlutað í arf, henni m. a. jörðin Gröf í Mosfellssveit, og honum m. a. »veiðiréttindi búans í vötnum og ám fyrir ofan Elliðaár, með Hólmsá og Bugðu«. Með afsalsbréfi dags. 6. marz 1905 seldi Kristín Benediktsdóttir jörðina Gröf stefnda í þessu máli, Birni hreppstjóra Bjarnarsyni, er þar býr nú, og með afsalsbréfi útgefnu í september 1910 seldi Einar Benediktsson fyrnefnd veiðiréttindi áfrýjanda þessa máls, félaginu British North Western Syndicate Ltd. í London. Leit félagið svo á, að það með afsali þessu hefði eignast veiðiréttindi fyrir Grafarlandi, en stefndi hélt því hinsvegar fram, að veiðiréttur

fyrir Grafarlandi hefði fylgt jörðinni, er hún var honum seld með fyrgreindu afsalsbréfi Kristínar Benediktsdóttur. Út af þessum ágreiningi höfðaði áfrýjandi mál gegn stefnda fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, til þess að fá viðurkendan með dómi eigarrétt sinn að nefndum veiðirétti, og var það mál dæmt í merkjadómnum 9. okt. f. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda, en áfrýjandi skyldi greiða merkjadómsmönnum lögákveðið gjald, 90 kr., og stefnda 30 krónur í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 16. febr. þ. á. og krafist þess, að viðurkendur verði með dómnum eignarréttur áfrýjanda að öllum veiðirétti í efri hluta Elliðaáanna í svo nefndri Bugðu og Hólmsá með Kirkjuhólmsá, og þar með eignarréttur félagsins (áfrýjanda) að öllum veiðirétti í téðum ám fyrir öllu landi jarðarinnar Grafar í Mosfellssveit, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi heldur fram kröfum sínum fyrir undirrétti, aðallega að málinu verði vísað frá merkjadómnum, en til vara að hann verði sýknaður í málinu og enn fremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Í 7. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882 er svo ákveðið: »Ef eigendur eða umráðamenn jarða skilur á um landamerki eða ítök, skal sá er þrætu vill lúka stefna hinum« o. s. frv. Skipa lögin svo fyrir að merkjadómur skuli fara með slík mál, og er verk svið dómsins afmarkað með hinu tilvitnaða ákvæði.

En nú er það svo, að annar af málsaðilum, áfrýjandi, er eigi eigandi eða umráðamaður neinnar jarðar, er til greina getur komið í sambandi við þetta mál, og verður því að líta svo á, að merkjadómur sé eigi bær um að fara með það.

Það verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá merkjadóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og visast málinu frá merkjadóminum. Áfrýjandi, Eggert Claessen, fyrir hönd British North Western Syndicate Ltd. greiði stefnda, Birni Bjarnarsyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. maí 1916.

Nr. 56/1915.

Snorri Jónsson

gegn

G. Gíslason & Hay Ltd.